

Skólaráðsfundur Víkurskóla 24.11.2021

Mættir: Björg Sigrún Ólafsdóttir, Fiona Oliver, Líney Björg Sigurðardóttir, Sölvi Hrannar Jóhannesson, Hrefna Margrét Hjaltadóttir, Júlía Mekkín Guðjónsdóttir, Erla Snorradóttir

Ritari: Vala Nönn

1. ÞÓ kynnr niðurstöður nemendakönnunar sem lögð var fyrir nemendur fyrir foreldrasamráðið. Kom vel út í flestum þáttum. Svipaðar niðurstöður og í fyrra. Þarf að skoða vinnufriðinn og traust nemenda til starfsmanna skólans.
2. Lögð fyrir til umsagnar beiðni um Drög að stefnu Reykjavíkur um byggingar í skóla- og frístundastarfi. Skólaráð hefur ekki skoðun á þessu máli
3. Lögð fyrir breyting á skóladagatali Víkurskóla skólaárið 2021-2022 – að flytja til starfsdag í febrúar. Breytingin er með þeim hætti að færa til starfsdag sem settur er mánudaginn 7. febrúar 2022 til miðvikudagsins 16. febrúar 2022 vegna námsferðar starfsfólks Víkurskóla. Starfsfólk skólans mun sækja námskeið í Uppeldi til ábyrgðar II á Spáni. Skólaráð samþykkti þessa breytingu fyrir sitt leyti og ÞÓ sendir breytingatillögu til SFS.
4. Önnur mál
 1. ÞÓ segir frá myndavélauppsetningum sem eru að fara í gang núna - 10 vélar utandyra og tvær innandyra sem verða settar upp á næstu dögum. Enginn hefur aðgang að efninu nema skólastjóri og umsjónarmaður og eingöngu má nota efnið til að upplýsa lögbrot, svo sem skemmdarverk, þjófnað og þessháttar. Lögregla hefur aðgang að efninu ef hún óskar eftir því. Formlegur póstur verður sendur á alla aðila sem að málinu koma.
 2. Spurt um tölvurnar og ÞÓ fer yfir aðgerðaráætlun varðandi afhendingu í níunda og tíunda bekk, sem verður í vikulokin.
 3. Spurt um skápa - ÞÓ hefur ýtt á eftir þessu reglulega en hefur ekki fengið skýr svör. Heldur áfram að ýta á eftir þessu.

Fundi slitið kl. 8:50